

Reykjavík, 5. september 2019

Gagnatölflur váttryggingafélaga - annar ársfjórðungur 2019

Inngangur

Fjármálaeftirlitið hefur birt gagnatölflur váttryggingafélaga á samandregnu formi fyrir annan ársfjórðung 2019. Hér að neðan er að finna samantekt á þróun helstu stærða úr rekstri skaðatryggingafélaga og líftryggingafélaga við lok annars ársfjórðungs 2019.

Skaðatryggingafélög - annar ársfjórðungur 2019


Á fyrstu sex mánuðum yfirstandandi árs var rekstrarafkoma í skaðatryggingastarfsemi neikvæð um rúmar 766 m. kr. og batnaði á milli ára en rekstrarafkoma var neikvæð um 2.5 ma. kr. fyrir sama tímabil í fyrra.

Iðgjöld í eigin hlut á fyrstu sex mánuðum ársins námu 31 ma. kr. og jukust um 7,5% frá öðrum ársfjórðungi 2018 en tjón í eigin hlut jukust um 1,5% á sama tímabili.

Samsett hlutfall skaðatrygginga (í eigin hlut) nam 102,7% við lok annars ársfjórðungs. Þrír stærstu greinaflokkar skaðatryggingafélaga eru lögboðnar ökutækjatrýggingar, eignatryggingar og aðrar ökutækjatrýggingar. Samanlagt standa þessar greinar fyrir um 85% iðgjalda tímabilsins. Samsett hlutfall lögboðinna ökutækjatrýgginga var 112% en bæði eignatryggingar og aðrar ökutækjatrýggingar skiluðu samsettu hlutfalli undir 100%. Samsett hlutfall eignatrygginga og annarra ökutækjatrýgginga var annars vegar 87,8% og hins vegar 97,4%.

Heildareignir skaðatryggingafélaga námu 155 ma. kr. á fjórðungnum samanborið við 140,9 ma. kr. á öðrum ársfjórðungi síðasta árs. Þá hækkaði váttryggingaskuld, fyrir hlut endurtryggjenda, úr 84,1 ma. kr. í 89,8 ma. kr. á sama tímabili. Eignir umfram skuldbindingar á Solvency II efnahagsreikningi¹ nema 51,0 ma. kr. samanborið við 46,5 ma. kr. á sama tíma í fyrra.


Fjárfestingareignir skaðatryggingafélaga námu 123 ma. kr. á öðrum ársfjórðungi ársins 2019. Frá áramótum er mest aukning í flokknum „hlutabréf“ sem eykst um 2,7 ma. kr. Þá hafa eignir í flokkunum „ríkisskuldabréf“ og „fyrirtækjaskuldabréf“ aukist í hvorum flokki fyrir sig um 1,9 ma. kr.



Mynd 1: Samsetning fjárfestingareigna skaðatryggingafélaga eftir tegund.

¹ Solvency II efnahagsreikningur byggir á uppgjörsaðferðum eigna og skuldbindinga í samræmi við kafla XIII. og XIV. í lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

Gjaldþolshlutfall (SCR %) skaðatryggingafélaga hækkaði um 15 prósentustig milli ára, úr 143% í 158%.



Mynd 2: Myndin hér er að ofan er s.k. kassarit (e. box plot) sem sýnir dreifingu gjaldþolshlutfalls. Gjaldþolshlutfall er hlutfall gjaldþols og gjaldþolskröfu (SCR) skv. lögum um váttryggingastarfsemi. Miðlína kassans tákna miðgildi gjaldþolshlutfalls, neðri mörk kassans tákna fyrstu fjórðungsmörk gjaldþolshlutfalls og efri mörk kassans tákna þriðju fjórðungsmörkin. Blái punkturinn í kassanum sýnir meðaltal gjaldþolshlutfalls.

Líftryggingafélög – annar ársfjórðungur 2019

Iðgjöld í eigin hlut á fyrstu sex mánuðum ársins námu 2,6 ma. kr. og jukust um 6,9% milli ára og tjón í eigin hlut jukust um 49% á sama tímabili.


Heildareignir samkvæmt Solvency II efnahagsreikningi námu 18,9 ma. kr. samanborið við 17,9 ma. kr. á sama tímabili í fyrra.

Vátryggingaskuld líftryggingafélaga án söfnunartrygginga nam 5,1 ma. kr. en var 4,8 ma. kr. á sama tímabili í fyrra.

Rekstrarafkoma í líftryggingastarfsemi nam 850,6 m. kr. á fyrstu sex mánuðum yfirstandandi árs samanborið við 1.124 m. kr. hagnað á sama tímabili í fyrra. Jákvæð afkoma var í öllum greinum líftrygginga. Samsett hlutfall líftryggingafélaga nam 66,9% og hækkaði frá fyrra ári þegar hlutfallið var 53,3%.


Eignir umfram skuldbindingar á Solvency II efnahagsreikningi námu 5,8 ma. kr. samanborið við 6,0 ma. kr. árið á undan.

Fjárfestingareignir líftryggingafélaga námu 9,6 ma. kr. á öðrum ársfjórðungi 2019 samanborið við 9,2 ma. kr. á sama tímabili í fyrra. Óveruleg breyting er í samsetningu eigna frá áramótum.



Mynd 3: Samsetning fjárfestingaeigna líftryggingafélaga eftir tegund. Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka eru undanskildar í yfirlitinu.

Gjaldþolshlutfall (SCR %) líftryggingafélaga lækkaði um 20 prósentustig milli ára, úr 266% í 246%.



Mynd 4: Myndin hér er að ofan er s.k. kassarit (e. box plot) sem sýnir dreifingu gjaldþolshlutfalls. Gjaldþolshlutfall er hlutfall gjaldþols og gjaldþolskröfu (SCR) skv. lögum um váttryggingastarfsemi. Miðlína kassans tákna miðgildi gjaldþolshlutfalls, neðri mörk kassans tákna fyrstu fjórðungsmörk gjaldþolshlutfalls og efri mörk kassans tákna þriðju fjórðungsmörkin. Blái punkturinn í kassanum sýnir meðaltal gjaldþolshlutfalls.